

39

4. maí

AUGLÝSING

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp
í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, sbr. lög nr. 7, 18. maí 1920, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hjermeð staðfest eftirfarandi lögreglusamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu:

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Mannsöfnuður eða uppþot, sem tálmar umferð á götum, vegi eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki eiga sjer stað.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á götu, vegi, torgi, bryggju, við kirkju-
dyr, samkomuhúsdýr eða annarsstaðar, þar sem almenningur fer um, þá
skulu menn haga sjer eftir fyrirmælum lögregluvaldsins, til að varðveita
góða reglu.

3. gr.

Á alfaravegi eða annarsstaðar, þar sem almenningur fer um í hreppu-
tum, má aldrei fljúgast á, blístra, kalla, syngja hátt eða hafa í frammi annan
hávaða eða óstjórnlegt og móðgandi háttalag, sem raskar friði og allsherjar
reglu eða ónáðar á einhvern hátt þá, sem um fara eða í nánd búa.

4. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga eða utan húsveggi,
hringja dyrabjöllu eða aðhafast neitt það, er ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Enginn má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum
skotvopnum, yfir götu eða á götu nje á svæði, sem almenningur fer um, eða

ætlað er til almenningsnota, nje heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sjer steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar má aðeins gera við götur, torg eða á almannafæri, með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, enda er á þess manns ábyrgð, að allrar varúðar sje gætt.

39
4 mai

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sje á leið til eða frá grímudansleik eða álfadans, ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað, að sýna af sér hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gegna þarfinda sinna á hneykslanlegan hátt.

7. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmlegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjарfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

8. gr.

Vatnsból manna skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og stranglega skal gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sje eigi helt þann veg, að runnið geti að þeim.

9. gr.

Hver sá, sem staddur er utan dyra innan takmarka hreppsins, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis, ef lögregluvaldið krefst þess.

10. gr.

Lögregluvaldið getur, að viðlögðum sektum, krafíð sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann, sem nærstaddur er, ef þarf að afstýra óspektum eða annari óreglu á almannafæri, eða til að handsama þá, er óspektum valda, og eru allir skyldir að hlýða því boði, en heimting eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir verða fyrir á fatnaði við slík tækifæri, en hreppssjóður á heimtingu á endurgreiðslu frá hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvæði um að gjöra umferðina greiða.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur rjála við opinberar eignir í hreppnum.

12. gr.

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, nje fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp nje setja neitt, sem tálmar umferð manna, hvort heldur það eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja vörur eða aðrar nauðsynjar heim til sín og ekki geta lagt þær á eigin lóð, leggja þesskonar frá sjer á meðan á flutningi stendur, en þeim ber að gæta þess, að gera öðrum sem minstan farartálmna. Vagnar og önnur flutningatæki mega aldrei standa á götu eða stræti lengur en á meðan þau eru fyllt eða losuð, og aldrei mega slík tæki standa þvert yfir götu, heldur skal altaf þess gætt, að þau standi langs eftir götu, og sem næst götubrún.

14. gr.

Á götu eða annarsstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gjörir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja trje, járna hesta eða því um líkt. Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja til þerris á götu, torgi eða öðru almannafæri þvott eða annað.

15. gr.

Engum, sem ekki er fullra 14 ára að aldri, má trúá fyrir sleða, vagni eða kerru, sem hestur dregur, eða flutningstækjum, sem knúð eru með vjelaafli.

16. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur eða stræti, skulu viðhafa alla varúð, og er öllum bannað að ríða eða aka nema fót fyrir fót meðfram húsum og fyrir götuhorn eða út og inn um port eða garðshlið.

Svo er og stranglega bannað að ríða harðara en hægt tölt á götum hreppsins, og eru þeir, sem ríða eða aka, skyldir til að gjöra fótgangandi fólki, sem á undan þeim fer, viðvart í tæka tíð. Fælna hesta má ekki nota fyrir vagni eða sleða. Auk þess mega hvorki fælnir nje slægir hestar ganga lausir um göturnar.

Vagnar eða sleðar með hesti fyrir, mega aldrei standa á götu, vegi eða almannafæri í hreppnum, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins. 39
4 maí

17. gr.

Menn sem mætast á götu, hvort þeir eru gangandi, ríðandi, akandi eða bjólandi, víki til vinstri handar hvor fyrir öðrum.

18. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um göturnar, svo og þeir, er aka fartækjum, sem knúð eru með vjelaafli, og skulu þeir ætíð hafa bjöllu eða lúðra á farartækjum sínum og gæta þess, að gera aðvart í tæka tíð þeim, sem á undan fara, og ætíð hringja eða blása í lúður áður þeir fara fyrir götuhorn eða framhjá dyrum, er liggja nærri götu. Ennfremur er þeim skylt að hafa luktir á slíkum fartækjum og kveikja á þeim, ef þeir eru á ferð frá því fer að skyggja á kvöldin og þar til orðið er bjart að morgni.

19. gr.

Menn, sem bera orf og ljá um göturnar eða á öðru almannafæri, skulu hafa það sitt í hvoru lagi.

20. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur hreppsins og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Hestar í kaupúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ætíð hýstir um nætur á veturna.

21. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og að minsta kosti tveir menn fylgja hverju nauti ársögömlu eða eldra. Aldrei mega naut standa úti á götu eða stræti gæslulaus. Ef lögreglustjóra þykir ástæða til, má hann banna að láta naut ganga laus með kúm hreppsþúa.

22. gr.

Enginn má siga hundi á annan eða láta fyrirfarast að aftra því, þegar hann verður var við, að hundur ræðst á mann.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur eða elta skepnur úti um haga, eru rjettðrapir hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega ekki vera lausir úti um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum hreppsins. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sjer.

39

4 maí

Ekkert það má hafa í gluggum við götu, er niður getur fallið og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús, eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, enda beri eigendur og umráðamenn húsanna alla ábyrgð á skaða þeim, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

23. gr.

24. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg hreppsins nje raska þeim á nokkurn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganefndar og samþykki lögreglustjóra. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum frá því fer að skyggja á kvöldin og þar til albjart er að morgni. Að öðru leyti gerir veganefnd og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur veganefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu eða sett götu eða torg í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

25. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur að götu, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá því áður en verkið byrjar, og haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem hann setur til þess að afstýra farartálma eða hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri eða verkefni má ekki leggja frá sér á götu eða almannaferi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og skal það aldrei látið liggja þar lengur en brún nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, er frá byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt þegar húsgjörðinni er svo langt komið eða verki því, er unnið er að, að þessu verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burt án þess að annað sje sett í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

26. gr.

Palla, stóðir og annan umbúnað við húsasmíðar eða viðgjörðir, eða önnur mannvirki, skal gjöra nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gjöra ráðstafanir hjer að lútandi. Brot gegn ákvæðum þessum eða fyrirskipunum lögreglunnar eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

27. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur, eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, vera áreiðanlegir menn. Sama ábyrgð hvílir á eigendum, umráðamönnum og þeim, er verkið framkvæmir, og á brotum gegn 26. gr.

39
4. maí

28. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar, að þær að dómi veganeftndar sjeu taldar nauðsynlegar; skulu allar slíkar sporbrautir falla niður í veginn þannig, að þær valdi ekki farartálma fyrir vegfarendur.

Þar sem sporbrautir liggja yfir götu eða eftir, skulu þeir, sem með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljótist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eiganda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum.

Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

29. gr.

Þakjárn, sem notað er yfir fiskstakka, skal bundið eða á annan hátt fest svo vel, að það fjúki ekki í stormi. Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárninu laust úti, og hafa eigendur ábyrð, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað, sem meiðslum getur valdið, ef fýkur.

30. gr.

Báta eða annað má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur veganeftnd og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið fara slíka muni burtu á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

III. KAFLI.

Um friðun almenningsæigna.

31. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka eða á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból manna, byggingar, rafáhöld, rafþræðir eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

39
4. maí

32. gr.

Enginn má rispa, mála eða tjarga nje skrifa á hús manna eða girðingar neitt það, er hneyksli getur valdið, skemdum eða óprýði á húsum manna eða mannvirkjum. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti eða tún. Það er bannað, að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum hreppsþúa; komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

33. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt; ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreit hreppsins eða saurga hann á nokkurn hátt.

34. gr.

Enginn m skjóta fugla eða seli á annara fjörum, nema með sjerstöku leyfi landeiganda.

IV. KAFLI.

Um reglu á veitingastöðum og almennum skemtistöðum.

35. gr.

Hverjum, sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera alt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

36. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sjer ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

37. gr.

Veitingahús, knattborðsstofur og aðrir slíkir skemtistaðir skulu eigi opnaðir fyr en kl. 6 að morgni og lokað eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, og allir gestir farnir þaðan fyrir kl. 11. Þó nær þetta ákvæði eigi til næturgesta á gistihúsum. Fjelögum, sem lögreglustjóri þekkir, er með leyfi hans heimilt að hafa þar dansleiki eða aðrar skemtánir, sem eigi eru bundnar við neinn vissan tíma, ef eigi taka þátt í þeim aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Hjð sama gildir og um samsæti einstakra tiltekinna manna.

38. gr.

Eigi má halda opinbera sjónleiki, samsöngva, einsöngva, hljótleika, hlutaveltur, myndasýningar, dansleiki fyrir almenning eða aðrar slíkar samkomur án leyfis lögreglustjóra. Sje slíkt leyfi veitt, skal það bundið því skilyrði, að hlýtt sje fyrir mælum um skemtanaskatt, samkvæmt þar að lútandi reglugjörð fyrir Ytri-Akraneshrepp.

Leyfishafi skal auk þess skyldur að hlýða þeim fyrir mælum, er lögreglan kann að setja til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti.

Leyfishafa er og skylt að hlýða fyrir mælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ætíð nýræst þá er samkoma byrjar og nægileg hrákáflát til staðar.

39. gr.

Á opinberum samkomum mega áheyrendur eða áhorfendur ekki trufla samkomuna með ósæmilegu látbragði eða hávaða, þann veg, að aðrir geti ekki notið þess er fram fer.

40. gr.

Í húsum þeim sem opinberar samkomur eru haldnar í, svo sem myndasýningar, sjónleikir, hljótleikar eða samsöngur, eða annað þess háttar, skulu vera að minsta kosti tvennar dyr til útgöngu og skulu hurðir falla út.

41. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða lifandi myndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær, ef hann álitur þær koma í bága við velsæmistilfinningu manna. Hann getur og bannað, ef honum sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

42. gr.

Þá er samkoma stendur yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, sem fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar við eldhættu, og ef enginn býr í húsinu skal hann fullvissa sig um, áður en skilið er við það, að ekki sje neimstaðar í því óslöktur eldur.

43. gr.

Sjerhverjum sem sjúklinga hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað að almennar samkomur, sem háreiði geta valdið, sjeu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

44. gr.

Auglýsingar má ekki festa á íbúðarhús manna án þeirra leyfis, ekki má heldur festa upp auglýsingar með járnnöglum eða öðrum nöglum á eignir

- 39** manna, nema með leyfi þeirra. Þeir, er festa upp auglýsingar, skulu ætíð
 4. maí taka þær niður, þá er þær hafa náð tilgangi sínum. Opinberar auglýsingar
 má enginn taka niður í óleyfi eða skemma.

V. KAFLI.

Um samgöngur við skip.

45. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann álitur þess þörf, til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn, gegn samgöngum við skip er koma frá útlöndum, eða eru útlend, en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrirskipunum og bönnum.

VI. KAFLI.

Um börn á götum kaupþúsins.

46. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á tímabilinu frá 14. sept. til 14. maí og ekki seinna en kl. 10 frá 14. maí til 14. sept. nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum.

VII. KAFLI.

Um ágang búpenings.

47. gr.

Meðan sauðfjáreign er við líði í hreppnum, skal ávalt vera til 5 manna nefnd, skipuð sauðfjáreigendum, en valin af hreppsnefnd til eins árs í senn, og er verkefni þeirrar nefndar að annast allar framkvæmdir sem sauðfjáreigninni við koma, svo sem: Að sjá um að öllu sauðfje sje komið í burtu úr hreppnum samkvæmt ákvæðum 48. greinar, gjöra ráðstafanir til að sauðfje hreppsúa sje sótt í rjett á haustin, ennfremur sjá um handsömun á ágangsfjenaði, smölun á heimalandi hreppsins og alt annað er að þessu litur. Allir sauðfjáreigendur eru skyldir til að hlýða fyrirætlum þessarar nefndar, að viðlagðri sömu refsingu og 10. grein um getur.

48. gr.

39

4. maí

Enginn má hafa sauðfje heima í landi hreppsins á tímabilinu frá 10. maí til 20. sept. nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæslu, að ágangur á land annara geti ekki af hlotist.

49. gr.

Enginn má láta hross ganga laus í landi hreppsins nema í gripheldri girðingu sje, sama gildir um nautpening.

50. gr.

Hænsu, endur og aðrir alifuglar skulu jafnan byrgð í heldum girðingum á tímabilinu frá 1. maí til 15. sept ár hvert.

51. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum, er gerðar kunna að vera, út af ágangi fjenaðar, greiðir eigandi fjenaðarins, sömuleiðis tjón það er ágangur kann að hafa valdið, og skal sá skaði metinn af lögreglustjóra, og tveimur mönnum, er hann velur með sjer til þess starfa. Allan annan kostnað, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú sem um getur í 47. grein kann að gera, greiða fjáreigendur eftir því sem nefndin ákveður.

VIII. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað.

52. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur, eftir þeim ákvæðum, sem þar um eru sett eða kunna að verða sett með heilbrigðissamþykkt fyrir hreppinn eða samkvæmt henni.

53. gr.

Skepnur má ekki slátra á eða við götu eða öðru almannaferi, heldur skal það gjört að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt að skepnur geti ekki sjeð blóðvöllinn.

Þá er slátrun er lokið, skal þrifa til á blóðvellingum og hann hreinsaður, alt flutt burt af honum er til óþrifnaðar er, og gengið frá því svo að hvergi valdi óþrifnaði.

Sulli og þessháttar skal brenna.

Búfje skal deytt á löglegan hátt.

39

4. maí

54. gr.

Stampa, opnar tunnur, fót eða önnur slík ílát með lifur, grút, slori eða þvílíku má ekki láta standa á almannafæri nje nokkuð annað laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Ekki má heldur pott- eða steinbræða lifur eða grút nje setja upp nýjar lifrarbræðslustöðvar í hreppnum nema í samráði við heilbrigðisnefnd.

55. gr.

Bannað er að hella skólpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr, á götu eða almannafæri; ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur. Í ræsi og rennur meðfram vegi má ekki setja neitt það, er óþrifnaði getur valdið.

Ösku og öðru, er frá húsum fellur, skal komið fyrir í steypum safnþrómi þannig, að það ekki valdi skemdu eða óþrifnaði, og aldrei, hvorki sumar nje vetur, má skilja slíkt eftir nærri alfaravegum nje setja það á annars manns lóð.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur kaupsins, og skal sá er flytur eða sá sem á, hreinsa upp ef niður á götuna fer og varðar sektum ef útaf er brugðið.

56. gr.

Ekkert hús eða herbergi í íbúðarhúsum í hreppnum má vera svo sett af mönnum eða útbúið, að heilbrigði þeirra sje hættu búin, en hvort svo sje ákveður heilbrigðisnefnd.

57. gr.

Við öll íbúðarhús og vinnustöðvar sem unnið er við að staðaldri allan daginn skal vera salerni er sje svo tryggilega umbúið að ekki stafi óþrifnaður af, en hvort svo sje, skal heilbrigðisnefnd skera úr. Sje misbrestur á þessu getur lögreglustjóri, að viðlögðum dagsektum, er eigi sjeu undir 2 krónum, þvingað menn til að setja salerni eða lagfæra salerni við hús sín.

IX. KAFLI.

Um hreinsun reykháfa.

58. gr.

Húsráðendur skulu einu sinni á ári, frá 1.—30. nóv., láta sótara hreppsins hreinsa reykháfa á húsum sínum.

X. KAFLI.

39
4. maí*Um tryggingu fyrir hættum.*

59. gr.

Vatnsból skulu vera svo vel byrgð eða svo traustlega, að engum hvorki mönnum nje skepnum stafi hætta af þeim.

60. gr.

Safngryfjur skulu vera vel þaktar svo ekki geti stafað hætta af þeim.

61. gr.

Ístjarnir og aðrar tjarnir, sem eru inn í kaupúninu eða svo nærri því, að börn komist að, skulu vera tryggilega umgirtar svo börn komist ekki að þeim.

62. gr.

Mannvirki og annað sem ótalið er í 59., 60. og 61. gr. er nokkur hætta getur stafað af mönnum eða dýrum, skal vera svo tryggilega umbúið að engin hætta geti af stafað að dómi lögreglustjóra.

Ef eigandi eða umráðamaður lætur farast fyrir, eftir boði lögreglustjóra, að gera slík mannvirki og umræðir í þessum kafla svo tryggileg, að hættulaus sjeu, má lögreglustjóri láta gera það á hans kostnað.

63. gr.

Bannað er að nota gaddavírsgirðingar í hreppnum fyrir neðan býlin: Mýrarhús, Landakot, Melkot og hvergi nær vegum, íbúðarhúsum eða almanna-færi en 3 metra.

XI. KAFLI.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði o. fl.

64. gr.

Samþykt þessi nær yfir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

65. gr.

Brot gegn lögreglusamþykt þessari varða sektum, alt að 500 krónum, ef ekki liggur þyngrri hegning við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skort á hæfilegri umsjón for-eldra eða umráðamanna, er ganga þeim í foreldra stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu.

39

4. maí

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipun lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gjöra það.

Kostnað við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gjörir eða gjöra lætur til þess að hindra brot gegn því sem bannað er í samþykkt þessari, greiðist af þeim sem brýtur. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um að borga kostnaðinn, greiðist hann úr hreppssjóði.

67. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr hreppssjóði.

68. gr.

Mál, sem rísa út af samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lög-reglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í hreppssjóð.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, sbr. lög nr. 7, 18. maí 1920, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 10. maí 1926.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. maí 1926.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.